

Ár 2015, miðvikudaginn 25. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-26/2015:

Stilla útgerð ehf.

(Grimur Sigurðsson hrl.)

gegn

Vinnslustöðinni hf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. september sl., er höfðað með stefnu birtri 23. desember sl.

Stefnandi er Stilla útgerð ehf., kt. 000000-0000, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík.

Stefndi er Vinnslustöðin hf., kt. 000000-0000, Hafnargötu 2, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að eftirgreindar ákvarðanir hluthafafundar stefnda þann 8. október 2014 verði ógiltar með dómi:

„Hluthafafundurinn samþykkir samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem Vinnslustöðin hf. verður yfirtökufélagið.“

og

„Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. um 611.067 evrur. Forkaupsréttur hluthafa gildir ekki um viðbótarhlutaféð og veitir hluthafafundurinn stjórn félagsins heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé ásamt eigin bréfum félagsins að nafnvirði 96.598 evrur til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. (samtals 707.665 evrur) í samræmi við samrunaáætlun félaganna.“

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefnda samkvæmt reikningi.

Dómkröfur stefnda voru þær aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en fallið var frá þeirri kröfu undir rekstri málsins. Stefndi krefst nú sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt reikningi.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo að hann sé hluthafi í stefnda og eigi hlutafé að nafnvirði 4.425.833 evrur. Heildarhlutafé í stefnda, fyrir þá hlutafjár aukningu sem krafist sé ógildingar á, hafi verið 17.160.088 evrur. Stefndu hafi um árabíl gert tilraunir til samruna stefnda við félagið Ufsaberg-útgerð ehf. og megi rekja upphaf málsins til sammings sem gerður hafi verið 10. maí 2011 milli stjórnar stefnda og

hins vegar Eyjólfur Guðjónssonar, Elínborgar Jónsdóttur og Ufsabergs ehf., hluthafa í Ufsabergi-útgerð ehf., um sölu á 2,5% af eigin hlutafé stefnda til eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf. Hafi eigendurnir greitt fyrir með 28,88% hlut í Ufsabergi-útgerð ehf. Hafi samningurinn verið bundinn því skilyrði að stefndi og Ufsaberg-útgerð ehf. yrðu sameinuð eigi síðar en 31. desember 2011. Þá hafi verið sett skilyrði um fyrirbyggjandi verðmat beggja félaga sem samruni myndi byggjast á, sem og fjölda hluta í stefnda sem eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. myndu fá afhentan við samrunann. Á hluthafafundi sem haldinn hafi verið í stefnda 21. september 2011 hafi legið fyrir tillögur um samruna félaganna sem samþykktar hafi verið á fundinum, m.a. með atkvæðum Ufsabergs ehf., Elínborgar Jónsdóttur og Eyjólfur Guðjónssonar á grundvelli 2,5% hlutafjárins sem þau hafi fengið framselt með kaupsamningnum frá 10. maí 2011. Í kjölfarið hafi nokkrir hluthafar í stefnda, m.a. stefnandi í þessu máli, höfðað mál til ógildingar á þessari ákvörðun hluthafafundarins. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 26. mars 2013 hafi umrædd ákvörðun verið ógilt og segi svo í dóminum um kaupsamninginn frá 10. maí 2011: „Samkvæmt áðursögðu verður að líta svo á að samningur stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. 10. maí 2011 hafi engan annan tilgang haft en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í stefnda og sniðganga þannig það jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 sé ætlað að tryggja hluthöfum. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að á hluthafafundinum 21. september 2011 hafi borið að líta á þá hluti, sem kaupsamningurinn tók til, sem eigin hluti stefnda.“

Eftir að dómur þessi hafi fallið hafi stjórnendur stefnda ekki nýtt sér rétt til að fella kaupsamninginn frá 10. maí 2011 úr gildi, en samningurinn hafi verið bundinn skilyrði um samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og stefnda fyrir árslok 2011. Af hálfu ráðandi aðila innan hluthafahóps stefnda hafi áfram verið unnið að samruna félaganna. Stefnandi kveðst hins vegar ekki hafa vitað að fyrir undirritun kaupsamningsins frá 10. maí 2011 hafi hluthafar í stefnda, sem ráðið hafi yfir meirihluta hlutafjár í félaginu og hins vegar Ufsaberg ehf., Eyjólfur Guðjónsson og Elínborg Jónsdóttir, gert þann 31. mars sama ár leynilegt hluthafasamkomulag sem kveði m.a. á um meðferð atkvæðisréttar í stefnda. Sú síðastnefnda hafi ekki verið hluthafi í stefnda þegar hún hafi skuldbundið sig til að hlíta reglum hluthafasamkomulagsins, Eyjólfur hafi verið skráður fyrir 0,00001% hlutfjár í stefnda og Ufsaberg ehf. fyrir 0,0001% hlutafjár við undirritun samkomulagsins. Stefnandi hafi fengið afrit af þessu samkomulagi eftir uppkvaðningu Hæstaréttardómsins og veiti það aðilum þess forkaupsrétt ef aðrir aðilar þess vilja selja hlutabréf sín og sé atkvæðisréttur samræmdur með þeim hætti að áður en hluthafafundur sé haldinn í stefnda skuli aðilar samkomulagsins hittast og greiða

atkvæði um þær tillögur sem liggja fyrir hluthafafundinum. Þegar vilji meirihluta þeirra sem aðild eigi að samkomulaginu liggja fyrir skuldbindi aðrir aðilar sig til að greiða atkvæði með sama hætti á hluthafafundum stefnda. Sömu aðferð sé beitt við stjórnarkjör í stefnda. Í hluthafasamkomulaginu felist að Seil ehf., sem nú sé stærsti einstaki hluthafinn í stefnda og fari auk þess með meirihluta atkvæða innan hluthafasamkomulagsins, fari í reynd með rúmlega 2/3 hluta atkvæða á hluthafafundum í stefnda og ráði skipan meirihluta stjórnar félagsins. Framkvæmdastjóri stefnda sé einn eigenda Seilar ehf. og undirriti samkomulagið fyrir þess hönd og jafnframt undirriti hann hluthafasamkomulagið persónulega og fyrir hönd fjögurra annarra hluthafa. Við samanburð á hlutaskrá stefnda frá 11. júní 2013 og 17. febrúar 2014 megi hins vegar sjá að á tímabilinu verði sú breyting á hlutafjáreign í stefnda að Seil ehf. eignist öll hlutabréf þeirra Eyjólfss, Elínborgar og Ufsabergs ehf. í stefnda. Þar með séu talin þau 2,5% hlutafjár sem afhent hafi verið frá stefnda til framangreindra þriggja eigenda Ufsabergs ehf. með kaupsamningnum frá 10. maí 2011. Seil ehf. hafi þannig í síðasta lagi þann 17. febrúar 2014 orðið handhafi þess hlutar í stefnda sem afhentur hafi verið með kaupsamningnum frá 10. maí 2011.

Fyrir aðalfund stefnda í júní 2013 hafi verið farið fram á lögban við nýtingu atkvæðisréttar sem fylgt hafi eigin bréfum félagsins sem seld hefðu verið eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. með kaupsamningnum frá 10. maí 2011 og hafi sýslumaður fallist á það. Meirihluti stjórnar stefnda hafi brugðist við með þeim hætti að samþykkja viðauka við kaupsamninginn frá 10. maí 2011 og fella skilyrði hans úr gildi. Hafi stjórn stefnda talið sig geta bundið stefnda þannig við kaupsamninginn með óafturkræfum hætti og engar hömlur væru þar með á meðferð þeirra Eyjólfss, Elínborgar og Ufsabergs ehf. á atkvæðisrétti sem fylgt hafi hlutunum í stefnda samkvæmt kaupsamningnum frá 10. maí 2011. Hafi viðauki þessi verið samþykktur á hluthafafundi í stefnda þann 11. júlí 2013. Hvorki komi fram í fundargerð hverjir hafi mætt á fundinn né hverjir hafi greitt atkvæði með tillögunni og sé stefnanda því ómögulegt að vita hvort atkvæði 2,5% hlutarins, sem afhentur hafi verið eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. þann 10. maí 2011, hafi verið nýtt til að greiða tillögunni atkvæði.

Á hluthafafundi í stefnda þann 27. febrúar 2014 hafi verið samþykkt tillaga Seilar ehf. um viðræður um sameiningu stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf., en Seil ehf. hefði áður sent stjórn stefnda erindi þar að lútandi. Af fundargerð megi ráða að atkvæði áðurgreinds 2,5% hlutar hafi hafi verið nýtt til að greiða tillögunni atkvæði. Á hluthafafundi í stefnda þann 8. október 2014 hafi verið lögð fram tillaga um samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. og um hækkun hlutafjár um 611.067 evrur sem nota skyldi til að greiða fyrir yfirtekna félagið. Þá hafi verið lagt

til að forkaupsréttur hluthafa stefnda skyldi ekki gilda um hlutafjárukninguna auk þess sem eigin bréf stefnda að nafnvirði 96.598 evrur skyldu afhent hluthöfum Ufsabergs-útgerðar ehf. Þessar tillögur hafi verið samþykktar með 67,7% atkvæða gegn 32,3% en mætt hafi verið fyrir 99,57% hlutafjár. Meðal þeirra sem mætt hafi á fundinn og samþykkt samrunann hafi verið verið fulltrúar Seilar ehf. Hafi félagið nýtt að fullu atkvæðisrétt á grundvelli hlutafjäreignar þess, þar með talinn atkvæðisrétt sem fylgt hafi 2,5% hlutnum í stefnda sem seldur hafi verið Elínborgu, Eyjólfí og Ufsabergi ehf. með kaupsamningnum frá 10. maí 2011. Á hluthafafundinum hafi verið bókuð mótmæli stefnanda og tengdra aðila, eigenda tæplega þriðjungs hlutafjár í félaginu, við ákvörðun fundarins. Hafi stefnandi m.a. vísað til þess að jafnræði hluthafa væri virt að vettugi við ákvörðunina og að í henni fælist framsal verulegra verðmæta án fullrar greiðslu til valinna aðila innan hluthafahóps stefnda. Með því væri tilteknum hluthöfum aflað ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa og félagsins sjálfs. Stefnandi telur framangreindar ákvarðanir hluthafafundarins teknar með ólögumætum hætti, brjóta í bága við hlutafélagalög nr. 2/1995 og samþykktir stefnda og séu þær því ógildanlegar, sbr. 4. mgr. 96. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur að við töku þeirra ákvarðana á hluthafafundinum 8. október 2014 sem krafist sé ógildingar á hafi verið brotið með alvarlegum hætti gegn efnis- og formreglum hlutafélagalaga og séu ákvarðanir hluthafafundarins ógildanlegar á grundvelli 1. og 4. mgr. 96. gr. laganna.

Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi að nýting atkvæðisréttar 2,5% hlutar í stefnda á grundvelli kaupsamnings dags. 10. maí 2011 sé óheimil samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 585/2012. Hafi rétturinn í því máli komist að þeirri niðurstöðu að sambærileg ákvörðun og krafist sé ógildingar á í þessu máli væri ógild. Hafi verið talið óheimilt að nýta 2,5% hlut í stefnda við atkvæðagreiðslu um samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. á hluthafafundinum 21. september 2011, en hluturinn hafi verið seldur hluthöfum í Ufsabergi-útgerð ehf., þeim Elínborgu og Eyjólfí og félagi þeirra, Ufsabergi ehf., með kaupsamningi frá 10. maí 2011. Hafi Hæstiréttur talið að eini tilgangurinn með kaupunum hafi verið að sniðganga reglu 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög. Á hluthafafundinum þann 8. október 2014 hafi þessi sömu atkvæði verið nýtt til að taka efnislega sömu ákvörðun. Þegar af þeirri ástæðu sé ákvörðunin ógildanleg, enda hafi Hæstiréttur kveðið upp dóm um að óheimilt sé að nýta hlutaféð við atkvæðagreiðslur á hluthafafundum stefnda. Réttaráhrif dómsins séu þau að óheimilt sé að nýta

hlutaféð til atkvæðagreiðslu um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. og vísar stefnandi til 1., 3. og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Engu máli skipti þótt framangreindir hluthafar hafi framselt hlutafjäreign sína til Seilar ehf. frá uppkvaðningu Hæstaréttardómsins. Engu skipti hver fari með atkvæðisrétt á grundvelli hlutafjäreignarinnar þar sem óheimilt sé að nýta hann. Geti síðari framsöl hlutafjárins með engu móti upphafið þann efnisannmarka sem hafi verið á upphaflega framsalinu frá stefnda. Þá hafi bæði fyrri handhafar hlutafjárins, þau Elínborg, Eyjólfur og Ufsaberg ehf., sem og síðari handhafinn, Seil ehf., verið grandsöm um þessa efnisannmarka og geti aldrei öðlast betri rétt gagnvart stefnda og öðrum hluthöfum þess en fyrri handhafar hlutafjárins.

Stefnandi byggir á því að viðauki við kaupsamninginn frá 10. maí 2011 hafi engin réttaráhrif. Hann hafi einungis verið gerður í þeim tilgangi að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í stefnda og sniðganga þannig það jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 sé ætlað að tryggja hluthöfum. Sé þannig leitast við að koma því til leiðar að einfaldur meirihluti hluthafa geti tekið ákvörðun sem aukinn meirihluta þurfi til. Í dómi Hæstaréttar segi að kaupsamningurinn frá 10. maí 2011 hafi í raun verið hluti af samkomulagi aðila hans um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. og ekki haft neinn sjálfstæðan tilgang sem ekki hefði í öllum atriðum verið náð með eðlilegum hætti við samruna félaganna. Hafi því í kaupsamningnum í raun verið fjallað um atriði sem eigi heima í ákvörðun hluthafafundar um samruna. Kaupsamningurinn sé þó ekki háður sama skilyrði og samruni um samþykki aukins meirihluta og hafi þar með aldrei verið staðfestur af hluthöfum með nægilegum fjölda atkvæða. Hið sama meggi segja um viðaukann, einfaldur meirihluti hluthafa hafi samþykkt kaupsamninginn frá 10. maí 2011 og einfaldur meirihluti hafi samþykkt viðaukann á hluthafafundinum 11. júlí 2013, en á þeim fundi virðist sem 2,5% hluturinn hafi einnig verið nýttur til að samþykkja viðaukann. Með þessum tveimur löggerningum hafi í raun verið búinn til aukinn meirihluti innan stefnda sem ekki hafi verið fyrir hendi áður en löggerningarnir hafi komið til. Það standist því ekki dóm Hæstaréttar og meginreglu hlutafélagalaga um jafnræði hluthafa að einfaldur meirihluti hluthafa geti samþykkt löggerning sem leiði með beinum hætti til þess að ráðstöfun, sem samþykki 2/3 hluta hluthafa þurfi til, verði samþykkt. Áhrif dómsins hljóti því að vera þau að áður nefndum 2,5% atkvæðisréttar í stefnda verði ekki beitt til að samþykkja þá ákvörðun sem krafist er ógildingar á í máli þessu. Viðaukinn upphefji ekki ólögmati þess að neyta atkvæðisréttar 2,5% hlutarins og sé aðstaðan nákvæmlega sú sama og á hluthafafundinum 21. september 2011. Kaupsamningurinn frá 10. maí 2011 sé enn bundinn sömu skilyrðum og áður og aðilum hans heimilt að fella hann niður ef ekki kæmi til samruna stefnda og

Ufsabergs-útgerðar ehf. Ákvörðun hluthafafundarins frá 8. október 2014 sé þar af leiðandi ógildanleg með nákvæmlega sama hætti og sömu rökum og ákvörðunin frá 21. september 2011.

Stefnandi byggir á því að nýting atkvæðisréttar 2,5% hlutarins í stefnda á grundvelli kaupsamningsins frá 10. maí 2011 brjóti í bága við 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög með vísan til sömu sjónarmiða og legið hafi til grundvallar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 og leiði það til þess að ákvörðunin þann 8. október 2014 sé ógild. Hafi forsendur Hæstaréttar fyrst og fremst verið þær að kaupsamningurinn frá 10. maí 2011 hafi engan annan tilgang haft en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í stefnda og sniðganga þannig það jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 sé ætlað að tryggja hluthöfum. Stjórnendur stefnda hafi komið eigin hlutum í hendur valinna aðila sem skuldbundið hafi sig til að greiða atkvæði með sama hætti og gert hafi verið á fundinum 21. september 2011. Hafi stjórnendur stefnda náð þessu fram með því að binda atkvæðisrétt viðtakenda eigin hluta stefnda með leynilegu hluthafasamkomulagi sem undirritað hafi verið fyrir undirritun kaupsamningsins frá 10. maí 2011 og hins vegar með viðaukanum frá 21. júní 2013. Með samkomulaginu virðist hafa verið komið á fót lokuðum markaði með hlutabréf í stefnda og sé stærsta aðila samkomulagsins, Seil ehf., falið víðtækt vald til að koma á og viðhalda þessum lokaða markaði. Með þessu samkomulagi taki ráðandi aðilar innan hluthafahópsins sjálfum sér betri rétt, stöðu og möguleika á fjárhagslegum ávinningi en öðrum hluthöfum standi til boða á grundvelli almennra reglna. Í krafti valds síns hafi tilteknir hlutafar komið því til leiðar að eigin bréf félagsins hafi verið seld frá stefnda til eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf. undir yfirskini hagstæðs samruna en til hagsbóta fyrir tiltekna hluthafa stefnda. Hafi raunverulegur tilgangur sölunnar verið að tryggja að atkvæðisréttur þeirra 2,5% eigin hluta, sem seldir hafi verið þann 10. maí 2011, nýttist við þá ákvarðanatöku sem framundan hafi verið og hafi eingöngu miðað að því að tryggja völd meirihlutans yfir minnihlutanum. Hafi því nýir handhafar 2,5% hlutarins verið búnir að skuldbinda sig fyrirfram til að greiða atkvæði með samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. þegar hafi komið að hluthafafundinum 8. október 2014. Í viðaukaákvæðinu felist að stjórn stefnda hafi haldið eftir arðgreiðslum af 2,5% hlutum frá 10. maí 2011 þar til samruni Ufsabergs-útgerðar ehf. og stefnda hafi farið fram. Þá skuli arðgreiðslan taka mið af því að félögin tvö hafi verið rekin sem eitt frá því í september 2011. Sé því augljóst að brottfall skilyrðis um samruna félaganna hafi að öllu leyti verið til málamynda og gert í þeim eina tilgangi að láta líta þannig út að 2,5% hluturinn væri formlega og efnislega í eigu þeirra Ufsabergs ehf., Elínborgar og Eyjólfssonar og að þau hafi ráðstöfunarrétt yfir hlutafénu, ekkert sé hins vegar eins fjarri lagi. Stefnandi telur

Því að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við um ákvörðunina frá 8. október 2014 og átt hafi við um ákvörðunina frá 21. september 2011. Sé ákvörðun hluthafafundarins því ógildanleg, m.a. á grundvelli 75. gr. laga um hlutafélög, þar sem kveðið sé á um að félagsstjórn og framkvæmdastjóri megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem séu fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa félagsins. Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar um fyrri tillögu til samruna hafi aðeins verið gerðar formbreytingar á undirbúningi ákvarðanatöku hluthafafundar stefnda sem eftir sem áður hafi það að markmiði að sniðganga þau grunnsjónarmið sem dómur réttarins sé byggður á.

Stefnandi byggir einnig á því að hækkun hlutafjár án forgangsréttar hluthafa brjóti gegn 4. gr. samþykktar stefnda. Ákvörðun hluthafafundarins um hækkun á hlutafé stefnda um 611.067 evrur sé forsenda ákvörðunar um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. Ef ákvörðun um hækkun hlutafjár sé ólögmæt og ógildanleg gildi hið sama um ákvörðun fundarins um samrunann. Í 1. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga sé kveðið á um að við hækkun hlutafjár eigi hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Reglunni sé ætlað að tryggja jafnræði hluthafa og komi í veg fyrir að meirihluti hluthafa geti þynnt út hlutafjáreign minnihlutans. Í 3. mgr. 34. gr. laganna sé að finna undantekningu frá meginreglu 1. mgr., en þar segi að hluthafafundur geti með því atkvæðamagni sem kveðið sé á um í 93. gr. laganna ákveðið að víkja frá þeirri reglu er greini í 1. mgr., enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Í 4. gr. samþykktar stefnda komi fram að forgangsréttur hluthafa skuli undantekningalaust virtur við hlutafjárhækkun. Sé því óheimilt að víkja frá forgangsrétti hluthafa til viðbótarhlutafjárins. Í 30. gr. samþykktanna segi að þeim megi aðeins breyta á löglega boðuðum hluthafafundi enda sé fyrirhugaðra breytinga getið í fundarboði. Þá verði samþykktum því aðeins breytt að tillaga þess efnis hljóti a.m.k. samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundinum, svo og samþykki hluthafa sem ráði yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið sé með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Samkvæmt 1. mgr. 80. gr., sbr. 1. mgr. 96 gr. laganna, geti ákvarðanir hluthafafundar ekki verið í andstöðu við samþykktir félags. Óheimilt hafi því verið að víkja frá forgangsrétti hluthafa til viðbótarhlutafjárins með þeim hætti sem gert hafi verið á hluthafafundinum. Sé ákvörðun um samrunann því einnig ógildanleg, enda byggi hún alfarið á ákvörðun fundarins um hlutafjárhækkunina.

Verði ekki fallist á að ákvörðunin sé ógildanleg þar sem hún fari gegn samþykktum félagsins byggir stefnandi á því að í samþykkt hluthafafundarins þann 8. október 2014 um hlutafjárukningu og afhendingu eigin hluta stefnda til eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf. felist brot á reglum um jafnræði hluthafa við hlutafjárukningu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaganna. Hafi með ákvörðun

hluthafafundarins frá 8. október 2014 verið leitast við að tryggja aðilum hluthafasamkomulagsins í raun öll þau áhrif sem fylgt hafi hlutafjárukningunni á kostnað annarra hluthafa sem ekki hafi verið aðilar að samkomulaginu. Sé ótvírætt að með ákvörðun hluthafafundarins hafi vald meirihlutans yfir félaginu styrkst á kostnað minnihlutans. Í þessum ráðstöfunum hafi einnig falist að viðtakendur hlutafjárins hafi aflað sér verulegra fjárhagslegra verðmæta á kostnað minnihluta hluthafa og stefnda sjálfs. Með afhendingu hlutabréfa á genginu 11,42 sé um augljósa yfirfærslu verðmæta að ræða án sambærilegs endurgjalds, félaginu og öðrum hluthöfum til tjóns. Staða minnihluta hluthafa og félagsins sjálfs sé verri á eftir og hafi ákvörðun hluthafafundarins frá 8. október 2014 verið til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa og félagsins sjálfs. Fari ákvörðunin því gegn 95. gr. hlutafélagalaganna og sé jafnframt ógildanleg á grundvelli 1. og 4. mgr. 96. gr. laganna.

Stefnandi byggir einnig á því að samrunagögn sem legið hafi ákvörðuninni 8. október 2014 til grundvallar hafi verið haldin alvarlegum form- og efnisgöllum. Skilyrðum 1. mgr. 122. gr. hlutafélagalaganna um óháðan matsmann hafi ekki verið fullnægt, enda teljist endurskoðandi beggja samrunafélaganna til fjölmargra ára ekki óháður aðili. Ein helsta vernd minnihlutans felist í sjálfstæðri skýrslu um áhrif og afleiðingar samrunans á viðkomandi hluthafa, sbr. 3. mgr. 122. gr. laganna. Geti því sameiginleg skýrsla um samrunaáætlunina fyrir bæði samrunafélögin ekki uppfyllt skilyrði laganna. Brot á þessum formreglum leiði því til ógildingar ákvörðunarinnar.

Stefnandi reisir kröfu um málskostnað á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi hafnar þeirri túlkun stefnanda að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 felist bann við notkun á atkvæðisrétti þeirra eigin hluta sem seldir hafi verið með kaupsamningnum frá 10. maí 2011. Í framangreindu máli hafi ekki verið gerð krafa um ógildingu samningsins heldur einungis um ómerkingu tiltekinna ákvarðana sem teknar hafi verið á hluthafafundi í stefnda 21. september 2011. Nái res judicata áhrif dómsins því einungis til ómerkingar þeirra tilteknu ákvarðana og standi því salan á 2,5% hlutnum. Hæstiréttur hafi hins vegar talið aðfinnsluvert að tengja þá sölu við samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. og hafi því ógilt samrunaákvörðun og ákvörðun um hækkun hlutafjár hluthafafundarins 21. september 2011. Megi telja fullvíst að rétturinn hefði aldrei komist að þeirri niðurstöðu ef umræddur 2,5% hlutur hefði ekki riðið baggamuninn í

atkvæðagreiðslunni á þeim fundi. Stefnandi láti undir höfuð leggjast að fjalla um það grundvallaratriði að það hafi í raun ekki skipt máli varðandi samþykkt á tillögu um samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. á hluthafafundinum 8. október 2014 hvort atkvæði sem fylgt hafi 2,5% hlutum sem seldur hafi verið með kaupsamningi 10. maí 2011 hafi verið nýtt til atkvæðagreiðslu á fundinum eða ekki. Tillagan hefði verið samþykkt með auknum meirihluta þó svo að 2,5% hluturinn hefði verið talinn til eigin atkvæða. Með vísan til þessa sé augljóst að samsömun þessara tveggja mála, sem sé rauði þráðurinn í málalímbúnaði stefnanda, gangi ekki upp. Beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi bendir á eftirfarandi ákvæði í dómi Hæstaréttar: „Í samningnum var á hinn bóginn ákvæði um að aðilar að honum hefðu hver fyrir sitt leyti rétt til að lýsa því yfir að hann væri fallinn niður ef ekki yrði af fyrirhuguðum samruna félaganna. Þannig var búið um hnútana að yrði þessi heimild nýtt féllu öll réttaráhrif samningsins niður og staðan yrði eins og hann hefði aldrei verið gerður. Að auki tryggði stefndi það að áfallinn arður af hlutunum yrði ekki greiddur kaupendunum með því að kveðið var svo á að þessi arður yrði geymdur hjá stefnda og kæmi ekki til greiðslu uns ljóst yrði hvort af samruna yrði. Í samningnum var um að ræða heimild aðilanna að honum til að lýsa hann niður fallinn ef ekki yrði af fyrirhuguðum samruna, en framangreind ummæli í bréfi stefnda til Samkeppniseftirlitsins 13. maí 2011 sýna að af hans hálfu var út frá því gengið að samningurinn félli niður ef ekki yrði af samrunanum. Í grein 3.1. í samningnum voru bein ákvæði er lútu að framkvæmdaratriðum við fyrirhugaðan samruna félaganna og hvert verða skyldi nafnverð heildarhlutar kaupenda í stefnda, þar með taldir hlutir sem fengnir yrðu með hlutafjáraukningu, svo og hlutfall kaupenda af heildarhlutafélagans eftir samrunann. Þetta sýnir að samningurinn var í raun hluti af samkomulagi aðila hans um samruna félaganna og verður ekki séð að hann hafi haft neinn sjálfstæðan tilgang, sem ekki hefði í öllum atriðum verið náð með eðlilegum hætti við samruna félaganna, annan en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta stefnda.“ Stefnandi telur því ljóst af þessum forsendum réttarins að ákvarðanir hluthafafundarins þann 21. september 2011 hafi verið ómerktar þar sem kaupsamningurinn um 2,5% hlutann hafi haft að geyma ákvæði sem heimilað hafi að kaupin gengju til baka ef ekki yrði af samrunanum. Það sé óumdeilt í málinu að stjórn stefnda hafi haft heimild til að selja 2,5% hlutann og það sé óumdeilt að ákvörðun um slíka sölu hafi ekki verið háð samþykki aukins meirihluta hluthafa félagans. Það sé hins vegar ekki alls kostar nákvæmt sem fram komi í dómi Hæstaréttar að salan á 2,5% hlutanum hafi ekki í raun verið sjálfstæður gerningur. Stefnandi hafi þegar verið orðinn stór hluthafi í Ufsabergi-útgerð ehf. og að mati stjórnenda stefnda hefðu kaupin á 35% hlut í félaginu verið mjög hagfelld og því

hagstætt fyrir stefnda að eignast enn meira í félaginu. Aðalfundir stefnda 2009 og 2010 hefðu samþykkt að nýta eigin bréf félagsins með þessum hætti og hefði sala á 2,5% hlut í stefnda gegn sölu á 28,88% hlut í Ufsabergi-útgerð ehf. því verið rökrétt framhald af því sem áður hefði verið gert, algerlega óháð mögulegum samruna félaganna. Ávallt hafi verið ljóst að stefnt væri að samruna félaganna og hafi aldrei verið nein leynd yfir þeim áformum. Með viðskiptunum með 28,88% hlutinn í Ufsabergi-útgerð ehf. fyrir 2,5% hlut í stefnda hafi stefndi verið orðinn meirihluta eigandi í Ufsabergi-útgerð ehf. og því ráðið félaginu í krafti atkvæðavægis.

Stefndi telur það stríða gegn grundvallarreglum í eignarétti og félagarétti að líta svo á að eigendum hlutafjár, sem keypt hefði verið fullu verði, sé meinað að nýta sér atkvæðisrétt sem hlutafénu fylgi. Til að bregðast við dómi Hæstaréttar og taka af allan vafa um sjálfstæði og skuldbindingargildi sölnnar á 2,5% hlutum hafi verið gerður viðauki við kaupsamninginn þann 21. júní 2013. Hafi þar verið tekin út öll ákvæði sem tengi sölnuna við mögulegan samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. Eyjólfur Guðjónsson og Elínborg Jónsdóttir hafi greitt fyrir hlutaféð fullu verði með eignarhlut í Ufsabergi-útgerð ehf. og hafi þau kaup ekki falið í sér kaup á hlutafé með takmörkuðum réttindum. Þessu til viðbótar hafi þau Eyjólfur og Elínborg selt Seil ehf. hlutaféð og í þeim viðskiptum hafi hlutaféð ekki verið selt með takmörkuðum réttindum. Stefndi telur engin rök hníga að því að 2,5% hluturinn verði ávallt að vera án atkvæða þegar borin sé undir hluthafafund tillaga um samruna við Ufsaberg-útgerð ehf. og væri slík niðurstaða fráleit.

Stefndi byggir á því að með gerð viðaukans 21. júní 2013 hafi tengsl sölnnar á 2,5% hlutum algerlega verið slitin úr samhengi við mögulegan samruna við Ufsaberg-útgerð ehf. síðar. Um hafi verið að ræða rökrétt framhald af fyrri kaupum stefnda á hlutum í Ufsabergi-útgerð ehf., en stefndi hafi átt fyrir 35% hlut í félaginu. Með kaupum á 28,88% hlutum hafi stefndi orðið ráðandi hluthafi í Ufsabergi-útgerð ehf. Salan á 2,5% hlutum hafi verið vönduð af hálfu stefnda, stjórn félagsins hefði getað tekið ákvörðunina en hluthafafundur hafi samþykkt bæði sölnuna og viðaukann. Ekki hafi þurft aukinn meirihluta á hluthafafundi til að samþykkja viðaukann og því hafi ekki skipt máli hvort atkvæði 2,5% hlutarins sem seldur hafi verið 10. maí 2011 hafi verið nýttur til að greiða atkvæði í þeirri atkvæðagreiðslu. Hafi 2,5% hluturinn verið seldur Seil ehf. þann 17. desember 2013 og hafi ekki verið um að ræða sölu á hlutafé með takmörkuðum réttindum. Það sé andstætt eigna- og félagarétti að ekki sé hægt að nýta atkvæðisréttinn í útgefnu hlutafé félagsins. Viðaukinn sé ekki ógildur og þá hafi ekki verið gerð krafa af hálfu stefnanda um að hann verði dæmdur ógildur.

Stefndi byggir á því að hluthafasamningurinn frá 31. mars 2011 eigi rót að rekja til ársins 2007 og fari því fjarri að um eitthvert leyndarmál eða leynigerning hafi verið að ræða. Hafi tilvist samkomulagsins verið uppi á borðum stjórnar stefnda og það sérstaklega tilkynnt til OMX þegar hlutafé félagsins hafi verið á markaði. Hluthafasamningar séu algengir og lögmætir samningar og sé samningurinn á engan hátt bundinn við atkvæðagreiðslu um samruna fyrirtækjanna. Engu skipti um skuldbindingargildi samningsins þó Elínborg hafi á undirritunardegi ekki verið orðin hluthafi í stefnda. Henni hafi verið frjálst að skuldbinda sig með þessum hætti kæmi til þess að hún yrði hluthafi. Stefndi telur að dómur Hæstaréttar verði ekki túlkaður svo rúmt að eigendum 2,5% hlutafjárins, sem þeir hafi keypt og greitt fullt verð fyrir, verði meinað að gera hluthafasamninga eða greiða atkvæði.

Stefndi hafnar því að ákvörðunin á hluthafafundi þann 8. október 2014 hafi falið í sér brot á 4. gr. samþykktu stefnda. Um sé að ræða hefðbundna grein í samþykktunum og hafi ákvörðun hluthafafundarins falið í sér samruna við Ufsaberg-útgerð ehf., sem m.a. hafi falið í sér að nota nýtt hlutafé sem gjaldmiðil í þeim viðskiptum. Ekki hafi verið um neina mismunun að ræða þegar ákvörðunin hafi verið tekin og hafi allir hluthafar verið á sama báti að því er hagsmuni varðaði. Aukinn meirihluti hafi því getað tekið ákvörðun um að nýta hlutaféð með þessum hætti, óháð 4. gr. samþykktanna, sbr. 33. gr. þeirra og 3. mgr. 34. gr. laga um hlutafélög.

Stefndi byggir á því að ákvæði í 3. mgr. 34. gr. og 95. gr. hlutafélagalaganna eigi ekki við í máli þessu. Ákveðnum hluthöfum hafi ekki verið færð nein verðmæti umfram öðrum og þá hafi þau Eyjólfur og Elínborg ekki verið hluthafar þegar ákvörðunin hafi verið tekin. Þá hafi ekki verið mætt fyrir hönd Ufsabergs ehf., sem sé fyrrum hluthafi í Ufsabergi-útgerð ehf. á fundinn og því hafi þau atkvæði ekki verið nýtt. Allir hluthafar verði að sitja við sama borð og njóta þess sama hags sem samruninn myndi hafa í för með sér fyrir stefnda og hluthafa þess félags. Stefndi telur það rangt sem stefnandi haldi fram að félagið myndi skaðast verulega á samrunanum, samruninn sé mjög hagfelldur fyrir félagið og hluthafa þess.

Stefndi hafnar þeirri málsástæðu stefnanda að með samrunanum hafi verið brotið gegn 95. gr. hlutafélagalaganna. Ákveðnum hluthöfum hafi ekki verið færðir ótilhlýðilegir hagsmunir á kostnað annarra hluthafa félagsins. Samruninn hafi verið hagfelldur fyrir stefnda og alla hluthafa stefnda. Í minnisblaði Þorvarðs Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda stefnda, komi fram að með samrunaákvörðuninni hafi á engan verið að hygla hluta hluthafanna á kostnað annarra.

Stefndi byggir á því að samrunagögn séu algerlega hefðbundin og heimilt sé samkvæmt 1. mgr. 122. gr. hlutafélagalaganna að hafa sameiginlega matsmenn. Drög að samrunagögnum hafi verið lögð fram á stjórnarfundum í stefnda 20. júní 2014 og hafi forsvarsmenn stefnanda í stjórninni engar athugasemdir gert við form þeirra. Þá hafi engin athugasemd verið gerð af hálfu hlutafélagaskrár og engin athugasemd hafi borist frá hluthöfum þó samrunagögn hafi legið frammi í mánuð fyrir hluthafafund. Stefndi telur það fyrirkomulag að skila inn einni skýrslu fyrir félög sem hyggist sameinast lengi hafa tíðkast og ekkert banni það verklag. Þá verði ekki séð hvaða þýðingu það hefði að krefjast þess að matsmaður skilaði inn tveimur eintökum af skýrslu þar sem inntakið væri nákvæmlega það sama. Stefndi kveður Þorvarð Gunnarsson vera endurskoðanda bæði stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. og hafi hann yfirgripsmikla sérþekkingu á rekstrarumhverfi útgerðarfélaga. Hann njóti óskoraðs trausts beggja félaganna, enda hafi hann verið kjörinn endurskoðandi af hluthöfum þeirra beggja á aðalfundum þeirra. Engin hagsmunatengsl séu milli endurskoðandans og hluthafa félaganna.

Niðurstaða.

Ufsaberg-útgerð ehf., Eyjólfur Guðjónsson og Elínborg Jónsdóttir sem kaupendur og stefndi sem seljandi gerðu kaupsamning þann 10. maí 2011. Hið selda var eigið hlutafé stefnda að nafnvirði 429.002 evrur, sem jafngilti 2,5% af heildarhlutafé í félaginu. Kaupverðið skyldi greitt með afhendingu hlutafjár í Ufsabergi-útgerð ehf. að nafnvirði 15.800.000 krónur, sem var 28,88% af heildarhlutafé félagsins. Samningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki hluthafafundar í stefnda, en afhending hins selda og greiðsla kaupverðs skyldi ekki fara fram fyrr en fyrir lægi að Samkeppniseftirlitið teldi kaupin ekki tilkynningarskyld og gerði ekki athugasemdir við viðskiptin. Þegar þetta hvort tveggja lægi fyrir skyldi greiða kaupverðið með afhendingu á uppfærðri hluthafaskrá í Ufsabergi-útgerð ehf. og afhenda hin keyptu hlutabréf í stefnda inn á svonefnda VS-reikninga kaupendanna þriggja. Í samningnum var kveðið á um að öll réttindi sem fylgdu seldu hlutafé skyldu flytjast til kaupenda við afhendingu hlutanna, svo sem réttur til arðs og forgangsréttur að nýju hlutafé, og hið sama skyldi gilda varðandi það hlutafé í Ufsabergi-útgerð ehf. sem afhent væri sem greiðsla kaupverðs. Í kaupsamningnum var sérstakur kafli um forsendur kaupanna. Sagði þar í grein 3.1. að það væru forsendur kaupenda fyrir gerð samningsins að stefndi og Ufsaberg-útgerð ehf. yrðu sameinuð eins fljótt og auðið væri og eigi síðar en 31. desember 2011. Skyldi í tillögu til sameiningar miða við sama skiptihlutfall og lagt væri til grundvallar í kaupsamningnum þannig að kaupendur

myndu fá til viðbótar hlutafé í stefnda, sem næmi 3,074% heildarhlutafjár í félaginu eftir samrunann. Var tekið fram að samkvæmt því myndu „kaupendur fá hlutafé í VSV að nafnverði € 965.670 eða sem nemur 5,53% af heildarhlutafé VSV eftir samruna.“ Þá var í grein 3.2. kveðið á um að gengi sameiningin ekki eftir í samræmi við grein 3.1. hefðu báðir aðilar rétt til að lýsa því yfir að kaupsamningurinn væri niður fallinn. Í því fælist að hvor aðili gæti skilað hlutafénu sem hann hefði fengið sem gagngjald og væri þá gagnaðilinn skuldbundinn til að skila því hlutafé sem hann hefði fengið á grundvelli samningsins. Niðurstaðan yrði sú sama og samningurinn hefði aldrei verið gerður og gæti hvorugur aðilinn öðlast bótakröfu á hendur hinum.

Stefnandi og fleiri aðilar höfðuðu mál þann 6. desember 2011 á hendur stefnda og gerðu þær kröfur að ómerkt yrði eftirfarandi ákvörðun hluthafafundar stefnda, dags. 21. september 2011:

„Hluthafafundurinn samþykki samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við Vinnslustöðina hf. Greiðsla skal innt af hendi með afhendingu eigin bréfa Vinnslustöðvarinnar, sem eru í dag að nafnverði EUR 237.611 og afhendingu á ný útgefnu hlutafé, sbr. 5. lið dagskrár að nafnverði EUR 299.057.

Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé félagsins um EUR 299.057 vegna samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal nýta hlutaféð sem greiðslu í tengslum við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar. Heildarhlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. eftir hlutafjáraukninguna nemur EUR 17.459.145.“

Með dómi Héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum þann 17. ágúst 2012 var stefndi sýknaður af þessum kröfum stefnenda en með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum þann 26. mars 2013 var fallist á kröfur áfrýjenda og framangreindar ákvarðanir hluthafafundarins ógiltar. Í dómi Hæstaréttar segir eftirfarandi: „Löggjöf um hlutafélög byggir ekki aðeins á þeirri meginreglu að meiri hluti hluthafa ráði að jafnaði ákvörðunum á hluthafafundi og fari þannig með æðsta vald í málefnum félags samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 2/1995, heldur einnig á meginreglu um jafnræði hluthafa og sér henni víða stað í þeim lögum. Í 3. mgr. 82. gr. laganna segir að eigin hlutir félags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóti ekki atkvæðisréttar og að slíkir hlutir skuli ekki taldir með þegar áskilið er samþykki allra hluthafa, ákveðins meiri hluta alls hlutafjár eða hlutafjár sem farið er með á hluthafafundi. Í lögskýringargögnum um 4. mgr. 65. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sem var samhljóða 3. mgr. 82. gr. núgildandi laga um sama efni, sagði að samkvæmt eldri lögum fylgdi atkvæðisréttur þeim hlutum í hlutafélagi, sem það ætti sjálft, og færi félagsstjórn yfirleitt með atkvæðisrétt fyrir slíka hluti. Sú skipan

væri mjög óheppileg og gæti leitt til óeðlilega mikils valds stjórnar, enda væri víðast hvar erlendis lagt bann við atkvæðisrétti fyrir eigin hluti, jafnframt því sem slíkri hlutabréfaeign væru yfirleitt settar miklar skorður. Samkvæmt áðursögðu verður að líta svo á að samningur stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. 10. maí 2011 hafi engan annan tilgang haft en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í stefnda og sniðganga þannig það jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 er ætlað að tryggja hluthöfum. Samkvæmt því verður lagt til grundvallar að á hluthafafundinum 21. september 2011 hafi borið að líta á þá hluti, sem kaupsamningurinn tók til, sem eigin hluti stefnda, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 22. febrúar 2005 í máli nr. 48/2005, sem birtur er dómASFni þess árs á bls. 730. Þar sem atkvæði voru greidd í skjóli þessara hluta um ákvarðanirnar, sem áfrýjendur krefjast að ógiltar verði, verður fallist á með þeim að þær hafi verið teknar með ólögmetum hætti og sæti því ógildingu samkvæmt 4. mgr. 96. gr. laga nr. 2/1995.“

Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi að nýting atkvæðisréttar 2,5% hlutar í stefnda á grundvelli kaupsamnings dags. 10. maí 2011 sé óheimil samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 585/2012. Hafi rétturinn í því máli komist að þeirri niðurstöðu að sambærileg ákvörðun og krafist sé ógildingar á í þessu máli væri ógild. Hafi verið talið óheimilt að nýta 2,5% hlut í stefnda við atkvæðagreiðslu um samruna stefnda og Ufsabergs-útgerðar ehf. á hluthafafundinum 21. september 2011, en hluturinn hafi verið seldur hluthöfum í Ufsabergi-útgerð ehf., þeim Elínborgu og Eyjólfí og félagi þeirra, Ufsabergi ehf., með kaupsamningi frá 10. maí 2011. Hafi Hæstiréttur talið að eini tilgangurinn með kaupunum hafi verið að sniðganga reglu 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög. Á hluthafafundinum þann 8. október 2014 hafi þessi sömu atkvæði verið nýtt til að taka efnislega sömu ákvörðun. Réttaráhrif dómsins séu þau að óheimilt sé að nýta hlutaféð til atkvæðagreiðslu um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. og vísar stefnandi til 1., 3. og 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991. Engu máli skipti þótt framangreindir hluthafar hafi framselt hlutafjareign sína til Seilar ehf. frá uppkvaðningu Hæstaréttardómsins. Engu skipti hver fari með atkvæðisrétt á grundvelli hlutafjareignarinnar þar sem óheimilt sé að nýta hann. Geti síðari framsöl hlutafjárins með engu móti upphafið þann efnisannmarka sem hafi verið á upphaflega framsalinu frá stefnda.

Fallast ber á það með stefnanda að aðeins hafi verið gerðar formbreytingar á undirbúningi ákvarðanatöku hluthafafundar stefnda sem eftir sem áður hafi haft það að markmiði að sniðganga þau grunnsjónarmið sem dómur Hæstaréttar sé byggður á. Eru því að mati dómsins enn við lýði þau réttaráhrif Hæstaréttardómsins að óheimilt sé að nýta hlutaféð til atkvæðagreiðslu um samruna stefnda við Ufsaberg-

útgerð ehf. og þegar af þeirri ástæðu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn. Uppkvaðning hans hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og lögmenn aðila töldu ekki þörf endurflutnings.

DÓMSORÐ:

Eftirgreindar ákvarðanir hluthafafundar stefnda, Vinnslustöðvarinnar hf., þann 8. október 2014 eru ógiltar:

„Hluthafafundurinn samþykkir samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem Vinnslustöðin hf. verður yfirtökufélagið.“

og

„Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. um 611.067 evrur. Forkaupsréttur hluthafa gildir ekki um viðbótarhlutaféð og veitir hluthafafundurinn stjórn félagsins heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé ásamt eigin bréfum félagsins að nafnvirði 96.598 evrur til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. (samtals 707.665 evrur) í samræmi við samrunaáætlun félaganna.“

Málskostnaður fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.